



Skýrsla um samráð

Efni samráðs

Áform um gerð vegvísis að vistvænum samgöngum til ársins 2023

Samráð hófst

21. mars 2023

Samráð lauk

11. apríl 2023

Fjöldi umsagna

16

Umsagnaraðilar

Alls bárust 16 umsagnir. Flestar komu frá lögaðilum þ.e. samtökum og fyrirtækjum. Fjórar umsagnir bárust frá einstaklingum.

Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Viðfangsefni vegvísis verður orkuskipti í samgöngum, þ.m.t. samgöngutæki, eldsneyti og uppbygging innviða sem og leiðir til að draga úr kolefnisspori vegna uppbyggingar og reksturs samgöngumannvirkja. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni eru höfð að leiðarljósi. Í umsögnum við áform um gerð vegvísis má greina nokkrar megináherslur.

Bent er á mikilvægi samtarfs ríkis og sveitarfélaga, auk ýmissa fyrirtækja vegna nauðsynlegrar innviðauppbýggingar, þ.e. hleðsluinnviðir og innviðir fyrir virka ferðamáta, einnig áskoranir vegna þróunar tæknilausna, dreifingar raforku og framboðs orku og eldsneytis fyrir orkuskipti. Þá lögðu umsagnaraðilar áherslu á breyttar ferðavenjur og orkuskipti atvinnutækja. Hvatt var til þess að vegvísir innihaldi skýra leiðsögn um hlutverk og ábyrgð stjórnvalda, stofnana og fyrirtækja. Nefnt var að nú er unnið að loftslagsvegvísnum atvinnugreina sem að hluta hefur beina tengingu við vegvísi að vistvænum samgöngum til 2030. Innviðaráðuneytið er í virku samstarfi við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið vegna samlegðar vegvísis um vistvænar samgöngur til 2030 og loftslagsvegvísa atvinnulífsins.

Nokkrir aðilar lýstu áhuga á þátttöku í stýrihóp um gerð vegvísis og fagnar ráðuneytið þeim áhuga sem verkefninu hefur verið sýndur. Í stýrihópnum sitja fulltrúar innviðaráðuneytisins, umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins, Vegagerðarinnar, Orkustofnunar, Samgöngustofu og Isavia. Hlutverk stýrihópsins felst í að taka saman upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum og samgönguinnviðum, greina

stöðu orkuskipta í samgöngum og á grundvelli þess vinna vegvísi að vistvænum samgöngum. Við þá vinnu verður áhersla lögð á víðtækt samráð við hagaðila og sérfræðinga og mun stýrihópurinn óska eftir aðkomu og sérþekkingar þessara hópa í gegnum framangreint ferli.

Að loknu samráði

Næsta skref í vinnslu vegvísis að vistvænum samgöngum er ritun grænbókar. Þær umsagnir sem bárust vegna áforma um gerð vegvísis verða hafðar til hliðsjónar við ritun hennar. Í grænbókinni verður staðan í þeim málaflokkum sem til skoðunar eru metin og lagður grundvöllur fyrir stefnumótun. Grænbók verður birt í Samráðsgátt til umsagnar. Í kjölfarið verður unnið að hvítbók og aðgerðaráætlun. Til að styðja við innleiðingu aðgerða verður áframhaldandi áhersla lögð á samráð við hagaðila og sérfræðinga.